

# Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara

## Ný tækifæri

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga skapast tækifæri með nýjum kjarasamningi til að uppfylla þau markmið sem sveitarfélög hafa lengi sett á oddinn í kjarasamningsgerð við Félag grunnskólakennara:

- að færa vinnutímakafla kjarasamningsins nær því sem gerist hjá öðrum háskólastéttum
- að vinnutímakaflinn styðji við sveigjanlegt skólastarf og hafi jákvæð áhrif á samstarf og starfsánægju kennara
- að vinnutímakaflinn styðji skólastjóra og kennara betur í að dreifa vinnuálagi milli einstakra kennara
- að finna leiðir til hagkvæmari rekstrar grunnskóla, sem skapi jafnframt tækifæri til launahækkana kennara

Vinnutími kennara verði samfelldur og dagvinna unnin á vinnustað undir yfirstjórn og í samvinnu við skólastjórnendur.

Í leiðarvísi verkefnisstjórnar um vinnumatíð eru aðilar sammála um að með kjarasamningnum sé verið að:

- aðlaga vinnutímaákvæði kjarasamnings að breyttum áherslum í skólastarfi
- færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálaum
- jafna vinnuálag milli kennara
- móta nýja og bættu umgjörð um kennarastarfið
- bæta launakjör kennara til framtíðar

Þessar áherslur ríma vel við samningsmarkmið stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Til þess að tryggja að unnt verði að uppfylla þau þurfa sveitarstjórnir að leggja sín lóð á vogarskálarnar og standa þétt við bak skólastjórnenda þegar kemur að innleiðingu vinnumats og nýrra starfshátta. Mikilvægt er að forgangsroðun verkefna og fjármögnun þeirra byggji á traustum grunni skólastefnu sveitarfélags og þeirri þjónustu sem skóla er ætlað að veita. Gildistími samningsins er til 31. maí 2016.

## Hlutverk skólanefnda


Skólanefndir hafa það lögbundna hlutverk að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu, gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi. Þær hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna við að kalla eftir gögnum um skólastarf og leggja mat á þau. Varðandi innleiðingu breytinga á kjarasamningi og vinnumats er eðlilegt að skólanefndir óski eftir upplýsingum frá skólastjórum um áherslur þeirra í starfi skólans komandi vetur og hvort endurskoða þurfi forgangsroðun verkefna þegar kemur að framkvæmd vinnumats. Tryggja þarf að vinnuálag verði jafnað á milli kennara og kalla þarf eftir gögnum um hvernig kennsluskylda dreifist milli kennara og kennslugreina.

## Tækifæri til hagræðingar

Með samningnum geta skapast tækifæri til hagræðingar. Ber þar hæst möguleika kennara til að afsala sér afslætti á kennsluskyldu sem þeir annars myndu fá við 55 og 60 ára aldur. Nú þegar hafa ríflega 81% kennara nýtt þetta tækifæri. Nái afsalið til 85% kennara leysir það þörf, sem ella hefði skapast, fyrir 420 ný stöðugildi kennara á næstu 8 árum.

*Vakin er athygli á því að samstarfsnefnd FG og SNS tók ákvörðun á fundi sínum 27. mars sl. um að opna nýjan glugga fyrir kennara til þess að afsala sér kennsluafslætti sem lokast aftur 20. apríl nk. Þannig verður hægt að grípa til ráðstafana fyrir 1. maí vegna næsta skólaárs á grundvelli þess kennslumagns sem við þetta getur myndast. Breyting á launaröðun og kennsluskyldu tekur gildi frá og með 1. ágúst 2015.*

Fleiri möguleikar á hagræðingu felast í aukinni faglegri yfirsýn skólastjórnenda yfir verkefnaskipan og vinnutíma kennara, þ.m.t. þann tíma sem kennarar verja til starfsþróunar. Sú yfirsýn ætti að leiða til markvissari forgangsroðunar verkefna og betri nýtingar á tíma og mannaúði. Þá mun frekari samvinna og teymisvinna kennara, eins og samningurinn boðar, geta leitt til skilvirkari dreifingar verkefna.



Hafa þarf hugfast að breytingar verða ekki á einni nóttu við undirritun kjarasamnings heldur með því sem gerist í framhaldi undirritunar á vettvangi skólastarfs úti í sveitarfélögunum. Það getur tekið nokkur ár að innleiða nýja hugsun og ná fram breytingum á skólamenningu sem skilar þeim árangri sem stefnt er að með kjarasamningnum. Árangur getur verið breytilegur milli skólagærða á grundvelli skólastefnu sveitarfélaga og þeirrar þjónustu sem sveitarfélag ákvarðar að skólar á þeirra forræði veiti.

## Vinnumat

Vinnumatinu er fyrst og fremst ætlað að jafna verkefnaálag milli kennara með markvissri forgangsöröðun verkefna sem ákveðin er í samtali milli skólastjóra og kennara. Skólastjóri nær þannig betri faglegri yfirsýn yfir verkefni kennara. Í nýjum samningi er meginreglan sú að vinnutími grunnskólakennara er samfelldur og unninn undir stjórn skólastjóra. Sú ábyrgð hvílir á herðum sveitarfélaga að skapa þá vinnuástöðu í skólum að kennarar geti lokið vinnu sinni á vinnustað. Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar ósk kennara um að vinna hluta starfsins utan vinnustaðar og gerir hann þá um það samkomulag við skólastjóra.

Með vinnumati er innleidd ný hugsun varðandi ráðstöfun á tíma kennara til mismunandi verkþátta A, B og C. Undir verkþátt A heyrir kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem aðilar eru sammála um að eru forgangsverkefni í starfi kennara og liggja til grundvallar framförum og árangri nemenda. Verk-

þætti B tilheyra önnur verkefni sem kennarar sinna og varða daglegt skólastarf en falla hvorki undir A eða C verkþátt. C verkþáttur tekur til sérstakra verkefna sem skólastjóri felur kennara í samráði við hann.

## A-verkþáttur vinnumatsins

Að meðaltali skal gera ráð fyrir 26 vikustundum á hvert stöðugildi og ætti heildarkennslumagn skóla að lágmarki að miðast við þetta. Vinnumatið getur þó leitt til þess að einn kenni 24 vikustundir í fullu starfi en annar 28, allt eftir mati á vinnuframlagi, álagi og umfangi verkefna. Semja má við kennara um gæslu sem hluta af föstum störfum án viðbótargreiðslu.

## C-verkþáttur vinnumatsins

Fyrir verkefni í C-hluta vinnumatsins þarf að greiða sérstaklega nema verkefnin rúmist innan þess starfshlutfalls sem kennari er ráðinn til. Sé dregið úr verkefnum í A og B þætti getur skapast svigrúm fyrir verkefni í C þætti. Mikilvægt er að hvert sveitarfélag taki ákvörðun um hversu miklu fjármagni skuli varið í C þáttinn á hverju ári. Dæmi um verkefni sem heyra þar undir eru stigstjórn og fagstjórn. Augljóst er að slík störf verða ekki lögð af með tilkomu vinnumatsins og því verður að teljast eðlilegt að gera ráð fyrir kostnaði vegna þeirra.

Sérstakur upplýsingavefur um vinnumatið og framkvæmd þess er á slóðinni [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is)